



Fundargerð 11. fundur

Fundur haldinn í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 5. febrúar 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 17:00

Mætt: Gudjon Helgason (GH), Eymundur Sigurðsson (ES), Geirharður Long (GL), Hekla Klemenzdóttir (HK), Auður Gunnarsóttir (AG) og Gylfi Gíslason (GG). Einnig sat Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri fundinn. Forföll boðaði Lára Berglind Helgadóttir.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skipting afreksstyrkja til meistaraflokka félagsins.

Farið var yfir þær tillögur sem stjórnin hafði verið að skoða varðandi styrkveitingar til meistaraflokka. Allir voru sammála um að taka mið af rekstrartekjum meistaraflokka við þessa úthlutun og hafa auk þess fast grunnjald sem allir meistaraflokkar fengju. Til að fá meistaraflokksstyrk þurfa viðkomandi deildir/meistaraflokkar að hafa skilað inn rekstrarskýrslum til aðalstjórnar í tvö ár. Ákveðið að kynna ákvörðun þessa um úthlutun þegar á formannafundi sama dag.

2. Skipting rekstrarstyrkja til yngri flokkastarfs félagsins.

Farið var yfir skiptingu rekstrarstyrkja fyrri hluta til deilda sem tekur með af iðkendafjölda og hlutfalli æfingamánaða deilda varðandi rekstur yngriflokkastarfs. Framlögð tillaga samþykkt og ákveðið að kynna úthlutun þegar á formannafundi sama dag.

3. Önnur mál.

- **Erindi frá umhverfissviði Mosfellsbæjar.**

Formaður fór yfir erindi frá umhverfissviði varðandi notkun deilda félagsins á svæðinu við Ullarnesbrekku. Ákveðið að vísa erindinu áfram til umsagnar þeirra deilda sem hafa verið að nota þetta svæði til æfinga.

- **Sameiginleg eineltisáætlun.**

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála varðandi eineltisáætlun félagsins og samvinnu við skóla bæjarins í þessu sambandi.

- **Framtíðin.**

Sagt frá stöðu mála varðandi framtíðarvinnu sem fram fer undir stjórn Viðars Halldórssonar með þjálfurum félagsins.

Fundi slitið kl. 19.00

Indriði Jósafatsson

(sign.)